

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/99S  
komudagur 3.1.2008



**Akureyrarbær**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI  
Samfélags- og mannréttindadeild

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 21. desember 2007  
2007110119 / 02-007

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks, 6. mál**

Samfélags- og mannréttindaráð hefur á fundi sínum þann 19. desember 2007 gert eftirfarandi bókun:

**"Frumvarp til laga um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks.  
2007110119 / 02-007**

Frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi, um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks, tekið til umfjöllunar.

*Nú er til meðferðar á Alþingi frumvarp um aukið frelsi til áfengissölu á Íslandi.*

*Samfélags- og mannréttindaráð Akureyrar telur skylt að minna á þá staðreynd að áfengi er engin venjuleg söluvara og lýtur þess vegna ekki sömu lögmálum og hefðbundnar daglegar neysluvörur heimila. Samkvæmt upplýsingum Lýðheilsustöðvar sýnir fjöldi rannsókna að aðeins lítil aukning á aðgengi að áfengi eykur áfengisneyslu, þar á meðal hjá ungu fólki. Vill ráðið því skora á flutningsmenn frumvarpsins og heilbrigðisráðherra að þeir beiti sér fyrir því að farið verði í markvissa endurskoðun á þeim lögum og reglum sem fjalla um forvarnir. Ráðið telur brýnt að endurskoða og efla forvarnir ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu. Þá er mjög mikilvægt að tryggt verði aukið fjármagn í málaflökkinn og þar með svigrúm til þess að bregðast við þeim breytingum sem yrðu með því að frumvarpið næði fram að ganga. Á það við bæði um verkefni á vegum ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka."*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt  
f.h. Samfélags- og mannréttindaráðs Akureyrarbæjar

*Katrín B. Ríkarðsdóttir*

Katrín Björg Ríkarðsdóttir  
framkvæmdastjóri

